

Laugardaginn 25. febrúar 1956.

Nr. 5/1956. **Haraldur Sigurðsson** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
 gegn
**Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamanna-
 félagsins Dagsbrúnar** (Ragnar Ólafsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
 dómendur.**

Félagsréttindi: Verkamannafélagi dæmt skylt að veita verka-
 manni inngöngu í félagið.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 8. þ. m. af Haraldi Sigurðssyni verkamanni, Kleppsvegi 98, Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamanna-
 félagsins Dagsbrúnar.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til þess að veita honum inntöku í téð félag með öllum réttindum fullgildra félagsmanna, að viðlögðum dagsektum til stefnanda, eigi minni en kr. 1000.00 fyrir hvern dag, sem liður frá þeim degi, er dómurinn tiltekur, unz félagið fullnægir umræddri skyldu sinni.
2. Að Verkamannafélagið Dagsbrún verði dæmt til að sæta refsingu fyrir að hafa ólöglega synjað stefnanda um inngöngu í nefnt félag.
3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Í stefnu gerði stefnandi og kröfu til þess, að stefndi yrði dæmdur bótaskyldur fyrir það tjón, sem stefnandi hefði beðið af ólögmati synjun stefnda um félagsréttindi í Verkamannafélaginu Dagsbrún, en við munnlegan flutning málsins lagði hann þá kröfu til hliðar, en áskildi sér rétt til þess að fylgja henni fram síðar.

Stefndur hefur krafizt sýknu að svo stöddu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa fluttist til Reykjavíkur árið 1953 og hefur átt þar heimilisfesti síðan. Hann mun hafa stundað verkamannavinnu í Reykjavík s.l. sex mánuði og réðist til Glersteypunnar h.f. fyrir rúmum mánuði. Hinn 2. þ. m. kom starfsmaður Dagsbrúnar, Guðmundur J. Guðmundsson, þangað sem stefnandi var við störf sín í verksmiðju Glersteypunnar h.f. og tjáði honum ásamt öðrum verkamönnum, er þar unnu og ekki voru fullgildir félagsmenn í Dagsbrún, að þeir yrðu að leggja niður störf sín að lokinni þeirri vinnuvöku, er þá stóð yfir, þar sem þeir væru ekki í Dagsbrún. Ekki er vitað, hvenær stefnandi varð við þessum tilmælum og hætti þar vinnu, en það mun hafa verið skömmu eftir nefndan dag. Stefnandi kveðst hafa óskað eftir því við nefndan Guðmund, að gerast félagsmaður í Dagsbrún, en hann hafi þá tjáð sér, að litlar líkur væru fyrir því, að stefnandi fengi inngöngu að sinni. Hins vegar er því haldið fram af hálfu stefnda, að Guðmundur hafi tjáð stefnanda, að hann yrði að snúa sér til skrifstofu Dagsbrúnar um það. Hinn 3. þ. m. fór stefnandi á skrifstofu Dagsbrúnar. Undirritaði hann þar og afhenti beiðni um inntöku í félagið. Hinn 7. þ. m. fór hann aftur á skrifstofu félagsins. Endurnýjaði hann þá munnlega inntökubeiðni sína og bauðst til þess að greiða inntökugjald gegn því að fá félagsskirteini, svo sem gert er ráð fyrir í samþykktum Dagsbrúnar. Formaður Dagsbrúnar varð fyrir svörum. Kannaðist hann við, að inntökubeiðni stefnanda hefði borizt félaginu, en kvaðst hvorki mundi taka við inntökugjaldi né láta honum í té félagsskirteini fyrr en trúnaðarráðsfundur hefði fjallað um umsóknina, en samkvæmt samþykktum félagsins skal leggja allar umsóknir um inngöngu í félagið fyrir trúnaðarráð félagsins. Kvaðst formaðurinn ekki vita, hvenær næsti fundur þess mundi verða haldinn, en bjóst við að það yrði bráðlega. Næsta dag 8. þ. m. höfðaði stefnandi mál þetta og gerði þær dómkröfur, sem áður greinir, og var mál þetta þingfest 9. s. m. Þann dag hélt trúnaðarráð Dagsbrúnar fund. Kom umsókn stefnanda um inntöku í Dagsbrún til álita ásamt hartnær 60 öðrum sams konar umsóknum. Samkvæmt skýrslu stefnda voru rúmlega 40 þeirra samþykktar en ákvörðun um hinar frestað. Var um-

sókn stefnanda meðal þeirra síðarnefndu. Eftir að mál þetta var höfðað, eða 15. þ. m., krafðist Glersteypan h.f. þess, að Dagsbrún veitti stefnanda inngöngu í félagið og skírskotaði í því efni til 1. gr. kjarasamnings þess, sem nú gildir milli Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands, en Glersteypan h.f. er einnig aðili að honum. Er svo um samið í tilvitnuðu ákvæði, að vilji vinnuveitandi taka í vinnu mann, sem ekki er félagsmaður í Dagsbrún, þá skuli Dagsbrún skyld til þess að veita þeim manni inngöngu, ef hann sækir um það og umsóknin kemur ekki í bága við samþykktir Dagsbrúnar. Þessu bréfi svaraði fyrirsvarmaður Dagsbrúnar næsta dag 16. þ. m. Kveður hann inntökubeiðni stefnanda til athugunar og væntanlega gengið frá henni á næsta trúnaðarráðsfundi.

Málssókn stefnanda er á því byggð, að honum hafi af Dagsbrúnar hálfu verið neitað um það, að mega halda áfram vinnu sinni hjá Glersteypunni h.f., en Dagsbrún hafi verið skylt að láta honum þegar í stað í té félagsskirteini, er veitti honum full vinnuréttindi til jafns við fullgilda félagsmenn, enda þótt trúnaðarráðsfundur hefði ekki staðfest inntöku hans. Þá var því og haldið fram af stefnanda við munnlegan flutning málsins, að stefnda hefði a.m.k. verið skylt að taka fyrir og samþykkja inntökubeiðni hans á trúnaðarráðsfundinum 9. þ. m., ekki sízt þar sem hann hefði ekki strax fengið félagsskirteini, svo sem hann hefði átt rétt til samkvæmt 4. gr. samþykktu félagsins. Staðhæfir stefnandi, að fyrirsvarmenn Dagsbrúnar hafi með framangreindri framkomu sinni og viðbrögðum gagnvart inntökubeiðni hans, gefið sér fullt tilefni til þess að krefjast félagsréttinda í Dagsbrún með málssókn þessari. Telur hann, að félagið hafi með drætti þeim, sem orðið hafi á því, að inntökubeiðni hans yrði staðfest, fellt á sig refsingu fyrir brot á 2. gr. laga nr. 80/1938, þar sem drættinum verði fullkomlega jafnað til þess, að sér hefði verið synjað um félagsréttindi.

Stefndi hefur ekki af sinni hálfu borið fram nein atriði er valdið gætu vafa um rétt stefnanda til inngöngu í Verkamannafélagið Dagsbrún, enda er því ekki haldið fram af

félagsins hálfu, að stefnandi eigi ekki rétt til inngöngu í félagið. Hins vegar telur stefndi málssókn þessa með öllu ástæðulausa. Mótmælir hann því, að Guðmundur J. Guðmundsson hafi haft nokkrar hótanir í frammi við stefnanda. Kveður hann, að inntökubeiðni stefnanda hafi að öllu leyti sætt venjulegri meðferð og enginn óeðlilegur dráttur orðið á afgreiðslu hennar. Hún hafi verið tekin til umræðu á trúnaðarráðsfundinum 9. þ. m., en hins vegar hafi ekki þá unnizt tími til þess að afgreiða hana frekar en ýmsar aðrar inntökubeiðnir, sem frestað hafi verið að taka ákvörðun um. Hefur stefndi krafizt sýknu að svo stöddu, þar sem málshöfðun stefnanda hafi verið ótímabær meðan inntökubeiðni hans hefði ekki enn af eðlilegum ástæðum fengið afgreiðslu í trúnaðarráði félagsins, og því engin lög á honum brotin af hálfu félagsins.

Svo sem að framan greinir, hefur því ekki verið haldið fram af stefnda, að stefnandi eigi ekki í raun og veru rétt til inngöngu í Verkamannafélagið Dagsbrún og ekkert það komið fram í gögnum málsins, sem til þess bendi, að stefnandi eigi ekki slíkan rétt. Það var því eðlilegast, að þeir forráðamenn Dagsbrúnar, sem fjölluðu um inntökubeiðni hans, hefðu látið gilda um stefnanda ákvæði 4. gr. samþykktu félagsins, en þar segir, að sá, er verða vilji félagsmaður, skuli afhenda skriflega inntökubeiðni — eins og stefnandi gerði — greiða inntökugjald og leysa skirteini, og sé hann þá fullgildur félagsmaður að því tilskildu, að næsti trúnaðarráðsfundur samþykki inntökubeiðni hans. Stefnandi hefði þá samkvæmt þessu ákvæði strax þann 7. þ. m., er inntökugjaldið var boðið fram, átt að fá vinnuréttindi hjá Glersteypunni h.f. til jafns við aðra félagsmenn meðan trúnaðarráð félagsins hafði ekki enn fjallað um umsókn hans. Ætla má af því, sem rakið var um samskipti stefnanda við fyrirsvarsmenn Dagsbrúnar, að hann hafi mátt gera ráð fyrir því, að hann fengi ekki viðstöðulausa inngöngu í félagið, enda styður þetta afgreiðsla sú, sem inntökubeiðni hans fékk á trúnaðarráðsfundinum 9. þ. m. Málsókn stefnanda var þannig ekki ástæðulaus og ber samkvæmt því að taka til greina þá kröfu hans, að Verka-

mannafélaginu Dagsbrún verði dæmt skylt að veita honum inngöngu í félagið með fullum félagsréttindum, gegn greiðslu á tilskildu inntökugjaldi, en ekki þykir ástæða til þess að leggja við dagsektir til handa stefnanda.

Eins og máli þessu er háttað, eru ekki efni til þess að dæma refsingu á hendur stefnda og ber að sýkna hann af þeirri kröfu stefnanda.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 800.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefnda, Verkamannafélaginu Dagsbrún, er skylt að veita stefnanda, Haraldi Sigurðssyni, inntöku í félagið með fullum félagsréttindum gegn greiðslu tilskilins inntökugjalds.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, greiði stefnanda kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.
